

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Breiðhelli 3, Hellnahraun, 2. áfangi.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar 22. júní 2023 breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Hellnahrauns vegna Breiðhelli 3. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits þannig að hann þeki stóran hluta lóðarinnar. Nýtingarhlutfall helst áfram óbreytt. Einnig er veitt heimild fyrir innkeyrslu inn á lóðina frá Drangahelli.

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt, engar athugasemdir bárust. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 22. júní 2023.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anne Steinbrenner, verkefnastjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

B-deild – Útgáfudagur: 6. júlí 2023